

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. desember 2003, þar sem þér óskið eftir álit ráðuneytisins á fyrirspurn sem bókuð var í fundargerð sveitarstjórnar sveitarfélagsins X þann 18. nóvember 2003.

Í erindi yðar kemur fram að undir liðnum önnur mál hafi einn sveitarstjórnarmanna óskað eftir því að bókuð yrði eftirfarandi fyrirspurn til sveitarstjóra:

„Hverjar eru húsaleiguskuldir A við sveitarfélagið?

Hverjar eru skuldir A við hitaveituna?

Einnig óskast upplýsingar um samning við innheimtustofnun B, með hvaða hætti innheimtum er fylgt eftir, geta aðilar dregið greiðslur og þá hvað lengi. Skriflegt svar óskast við þessum spurningum sem fyrst.“

Í erindinu farið þér sérstaklega fram á álit ráðuneytisins um það hvort sveitarstjórn hafi brotið gegn ákvæðum 32. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og ákvæðum annarra laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga með því að bóka fyrirspurnirnar í fundargerð og hvort sveitarstjóra sé heimilt að svara þeim á opinberum vettvangi, svo sem á sveitarstjórnarfundi.

Álit ráðuneytisins.

Samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skulu aðalmenn í sveitarstjórn vegna starfa sinna hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi. Ákvæðið hefur verið skýrt á þann veg að sveitarstjórnarmenn hafi almennt óhindraðan aðgang að gögnum ráða, nefnda og stofnana sveitarfélagsins. Skýrist það m.a. af því að sveitarstjórnarmenn eru kjörnir til að fara með stjórn sveitarfélagsins, sbr. 8. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga og bera þar af leiðandi ábyrgð á störfum þess og starfsemi. Á móti kemur að sveitarstjórnarmenn bera almennt ríka þagnarskyldu ef um er að ræða málefni sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samkvæmt 16. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnarfundir haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar slíkt telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins. Þegar trúnaðarupplýsingar sem falla undir 32. gr. sveitarstjórnarlaga eru til umfjöllunar á fundum sveitarstjórnar verður því að telja að sveitarstjórn sé rétt að ræða viðkomandi mál fyrir luktum dyrum, en þar sem hvorki er í sveitarstjórnarlögum né í lögskýringargögnum með þeim að finna skilgreiningu á því hvaða upplýsingar falli undir umrætt ákvæði er það háð mati sveitarstjórnar í hverju tilviki hvort mál sé þess eðlis að trúnaðar skuli gætt.

Ráðuneytið telur þær upplýsingar sem fyrirspurnin varðar vera tvenns konar. Annars vegar er um að ræða almennar upplýsingar um innheimtuaðferðir hjá innheimtuþjónustu sem sveitarfélagið skiptir við og hins vegar upplýsingar um skuldir tiltekins einstaklings við sveitarfélagið og stofnun þess.

Hvað fyrrnefndu upplýsingarnar varðar verður ekki séð að þær tengist sérstaklega persónu yðar heldur fyrst og fremst samningi sveitarfélagsins við viðkomandi innheimtufyrirtæki og almennu verklagi þess við innheimtu krafna. Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og aðgengilegar öllum sem skipta við umrætt fyrirtæki. Enginn vafi er á því að sveitarstjórnarmenn eiga rétt á upplýsingum sem þessum á grundvelli 30. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið er það mat ráðuneytisins að þær geti ekki talist trúnaðarupplýsingar í skilningi 32. gr. laganna. Er sveitarstjórn því ekki bundin þagnarskyldu um efni þeirra.

Síðarnefndu upplýsingarnar varða skuldastöðu yðar við sveitarfélagið og hitaveituna. Umræddar upplýsingar varða rekstur sveitarfélagsins og stofnunar þess. Verður ekki annað séð en að þær falli undir reglu 30. gr. sveitarstjórnarlaga og sveitarstjórnarmenn eigi því rétt á aðgangi að þeim. Í ljósi þess að um viðkvæmar sérgreindar fjárhagsupplýsingar er að ræða sem tengdar verða yður sem einstaklingi telur ráðuneytið þó eðlilegt að umræddar upplýsingar falli undir þagnarskylduákvæði 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Að þessu virtu er það álit ráðuneytisins að veita beri fyrirspyrjanda aðgang að umræddum upplýsingum en að hann sé hins vegar bundinn trúnaði varðandi meðferð þeirra. Í þessu sambandi telur ráðuneytið rétt að benda á að ekki er nauðsynlegt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að fyrirspyrjandi fái umræddar upplýsingar afhentar heldur kann að nægja að hann fái tækifæri til að kynna sér þær.

Í erindi yðar er jafnframt óskað eftir álit ráðuneytisins á því hvort sveitarstjórn hafi verið heimilt að bóka efni fyrirspurnarinnar í fundargerð. Samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skal sveitarstjórn rita fundargerðir í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnar. Í 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins kemur fram að skrá skal í fundargerð þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt.

Við úrlausn álítafnis þessa verður að afmarka hversu víðtæk vernd 32. gr. sveitarstjórnarlaga er, þ.e. hvort hún taki til færslu umræddrar fyrirspurnar í opinberar fundargerðir sveitarstjórnar. Að mati ráðuneytisins verður í málum sem þessum að meta aðstæður í hverju tilviki fyrir sig. Í því máli sem hér er til úrlausnar telur ráðuneytið að með því að færa fyrirspurnina í heild sinni í opinberar fundargerðarþætur sveitarstjórnar séu upplýsingar, sem leynt eiga að fara skv. 32. sveitarstjórnarlaga, gerðar aðgengilegar almenningi. Í fundargerð kemur þannig fram hvaða einstaklingur á hlut að máli auk þess sem efni fyrirspurnarinnar gefur tilefni til að ætla að hann sé í skuld við sveitarfélagið og stofnanir þess.

Að mati ráðuneytisins hefði mátt ráða bót á framangreindum annmarka með því að bóka aðeins í fundargerðarþætur að fyrirspurn hafi komið frá umræddum sveitarstjórnarmanni, án þess að geta um efni fyrirspurnarinnar. Standi vilji sveitarstjórnar til þess að láta efni fyrirspurnarinnar koma fram í fundargerðinni telur ráðuneytið að lágmarki þörf á að afmá upphafstafi yðar úr bókuninni. Einnig kemur til álita að færa fyrirspurnina í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

Með vísan til alls sem að framan er rakið er það álit ráðuneytisins að sveitarstjórnarmenn í sveitarfélaginu X. eigi skv. 30. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, rétt á upplýsingum um samning sveitarfélagsins við innheimtufyrirtækið Intrum og verklag fyrirtækisins við innheimtu og að umræddar upplýsingar geti ekki talist trúnaðarupplýsingar í skilningi 32. gr. sömu laga.

Þá er það álit ráðuneytisins að sveitarstjórnarmenn í sveitarfélaginu X sem þess óska geti krafist upplýsinga um skuldastöðu yðar við sveitarfélagið og hitaveituna. Ráðuneytið telur umræddar upplýsingar trúnaðarupplýsingar í skilningi 32. gr. sveitarstjórnarlaga og af þeirri ástæðu sé sveitarstjórnarmönnum skylt að gæta trúnaðar um efni þeirra og að einungis sé heimilt að ræða þær á sveitarstjórnarfundi fyrir luktum dyrum.

Loks er það álit ráðuneytisins að heimilt hafi verið að bóka í fundargerð sveitarstjórnar að hin umdeilda fyrirspurn hafi komið fram, en hins vegar sé óþarft að færa efni hennar til bókar. Ráðuneytið telur jafnframt að þér eigið rétt á því að krefjast þess að upplýsingar í fundargerðinni sem raktar verða til persónu yðar verði afmáðar úr fundargerðinni.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)

Sesselja Árnadóttir (sign.)